


Notkun CodeCombat.com


Helstu atriði og nokkur dæmi

Lesið vel „Allt“ sem er á og birtist á skjánum í leiknum, það er mikið af gagnlegum kóðadæmum með útskýringum ... þetta eru sumt atriði sem við höfum farið yfir og annað munum við fara yfir á næstunni.

A) Þegar forritið er að keyra/run .. er línan merkt sem er keyrandi .. hér lína #7.




B) Áður en þið smellið á „Start Level“ .. lesið þá vel markmiðin/Goals og kóðann undir myndinni. Hér er verið að sýna „While“ lykkju með einni skipun/línu .. takið eftir inndrættinum/indent.




C) Gula línan er tíminn í leiknum .. sem þú hefur til að klára borðið. Rauða línan er lífið sem hetjan hefur.


Stækkunarglerin leyfa manni að þysja/zoom.




- D) Skoða vel markmið/goals .. uppi í vinstra horni .. Grænt þýðir klárað en Grátt eitthvað sem kláraðist ekki (incomplete) .. eins og þarna mistókst að sækja demantinn/gem.
Takið líka eftir að það er bónus fyrir að vera með færri kóðalínur/statements en fimm.




- E) Hér er t.d. útskýring áður en borð byrjar .. sem sýnir hvernig breytur/variables eru búnar til (skilgreindar).
Að neðan er verið að búa til breytu (geymsluhólf) sem heitir **enemy1** ... og henni er svo „**gefið gildið**“ = „Kratt“ .. sem er í gæsalöppum og er því strengur/string (str) ... oft kallað texti.




- F) Þegar þið klárið borð/level ... þá er hægt að ýta á bláa „Back to map“ .. til að fara á kortið og velja sjálf borð.



- G) Smá tips ... í línu **#8** sést hvað gerist þegar maður byrjar að skrifa fyrstu stafina í skipun „at“ þá birtist hún og hægt er að smella á Enter til að velja hana.



H) Þessi kassi sýnir þær aðgerðir/methods sem hetjan hefur á þessu borði. Í forritun þá er stundum talað um aðgerðir/methods ... eða föll/functions (eins og við/ég hef meira notað) ... þetta er „næstum sami“ hluturinn ☺



I) Munið svo líka eftir „Hints“ og „Restart“ tökkunum uppi í hægra horninu, undir hints eru leiðbeiningar og vísbendingar. Restart er gott að nota ef maður er búinn að fikta mikið og kóðinn kominn í steik, þá verður allt eins og þegar borðið byrjaði. Ath: þetta restar bara þessu eina borði sem þið eruð í .. ekki öllu ☺

J) Að deyja í leiknum er ekkert til að hafa áhyggjur af ... reynið bara aftur!

Góða Skemmtun ☺